

FUNDARGERÐ

Aðalfundur hlutafélagsins Akta sjóðir hf., kt. 430713-0940, var haldinn í húsakynnum félagsins, að Borgartúni 25, 105 Reykjavík, þann 27. apríl 2017, og hófst kl. 15:00.

Stjórnarformaður félagsins setti fundinn og lagði til að Edda Guðrún Sverrisdóttir, yrði kjörinn fundarstjóri. Tillagan var samþykkt. Fundarstjóri lagði til að hann yrði einnig fundarritari og var það samþykkt.

Fundarstjóri kannaði lögmæti fundarins. Fundarstjóri lýsti yfir að boðað hefði verið til fundarins í samræmi við lög og samþykktir félagsins og að dagskrá og endanlegar tillögur, sem og þau gögn sem lögð voru fyrir fundinn, hefðu verið aðgengileg hluthöfum til skoðunar í húsakynnum félagsins í tvær vikur fyrir fundinn. Mætt var fyrir 97,5% hlutfjár í félaginu.

Eftirfarandi hluthafar/fulltrúar hluthafa mættu á fundinn:

Lilja Rut Jensen mætti skv. umboði f.h. Kviku banka hf.

Örn Þorsteinsson mætti f.h. Solo Invest ehf.

Fannar Jónsson mæti f.h. Markar Capital ehf.

Fulltrúar hluthafa lýstu því yfir að ekki væru gerðar athugasemdir við boðun fundarins, dagskrá hans eða þær tillögur sem fyrir fundinum lágu. Að þessu gættu lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan til að afgreiða þau málefni sem á dagskrá hans voru.

Einnig voru mætt:

Arna Grímsdóttir, stjórnarformaður
Anna Rut Ágústsdóttir, meðstjórnandi
Agla Elísabet Hendriksdóttir, meðstjórnandi
Örn Þorsteinsson, framkvæmdastjóri félagsins
Þorsteinn Pétur Guðjónsson lögg. endurskoðandi f.h. Deloitte ehf.

Með vísan til 4. mgr. 84. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög gerði fundarstjóri í upphafi grein fyrir hlutfjáreign hluthafa, svo og hlutafé í félaginu og atkvæðum sem því fylgir.

Eftirfarandi gögn voru lögð fram á fundinum:

- Ársreikningur fyrir 2016
- Starfskjarastefna félagsins
- Samantekt um hlutfjáreign einstakra hluthafa og rétt þeirra til að greiða atkvæði, sbr. 4. mgr. 84. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár.
2. Ársreikningur félagsins fyrir starfsárið 2016 lagður fram til samþykktar. Samhliða afgreiðslu ársreiknings skyldi ákveðið hvernig fara skyldi með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
3. Tillaga félagsstjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
4. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.
5. Kosning stjórnar og varastjórnar félagsins.
6. Kosning endurskoðenda félagsins.

7. Ákvörðun þóknunar til stjórnarmanna og endurskoðenda fyrir störf þeirra á starfsárinu.
8. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

1. liður dagskrár.

Stjórnarformaður félagsins vísaði til skýrslu stjórnar í ársreikningi félagsins um hag þess og rekstur á liðnu starfsári.

2. liður dagskrár.

Eftirfarandi tillögur voru lagðar fram til samþykktar:

„Stjórn félagsins leggur til að ársreikningur félagsins fyrir fjárhagsárið sem lauk 31. desember 2016 verði samþykktur.“

Tillagan var samþykkt með öllum atkvæðum.

„Stjórn félagsins leggur til að hagnaður ársins verði færður yfir á óráðstafað eigið fé og í lögbundinn varasjóð.“

Tillagan var samþykkt með öllum atkvæðum.

3. Liður dagskrár

Stjórnarformaður gerði grein fyrir kjörum stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna eins og kveðið á um í 79. gr. a laga nr. 2/1995 um hlutafélög, sbr. og lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Því næst var eftirfarandi tillaga lögð fram til samþykktar:

„Stjórn félagsins leggur til að eftirfarandi starfskjarastefna verði samþykkt:

1. Almenn

Í samræmi við 79. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög skal starfskjarastefna Akta sjóða hf. (hér eftir „Akta sjóðir“ eða „félagið“) lögð fram til samþykktar á aðalfundi. Akta sjóðum ber að leggja fram starfskjarastefnu varðandi laun og aðrar greiðslur til framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna, svo og stjórnarmanna þess.

Markmið starfskjarastefnunnar er að Akta sjóðir verði eftirsóknarverður vinnustaður fyrir framúrskarandi starfsfólk og stuðla þannig að samkeppnishæfni félagsins til lengri tíma.

2. Launastefna

Meginsjónarmið varðandi laun æðstu stjórnenda eru að samræma hagsmuni stjórnenda við starfsemi sem eykur verðmæti Akta sjóða til lengri tíma. Jafnframt sé haft að leiðarljósi að starfskjör stuðli ekki að óeðlilegri áhættutöku heldur hvetji til þess að langtímahagsmuna Akta sjóða, viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila sé gætt.

Akta sjóðir hyggjast leitast við að samræma áherslur varðandi starfskjör, hlunnindi og fyrirtækjabrag við áherslu sambærilegra félaga á markaðnum innan þess sem lög og reglur heimila, og að því marki sem samræmist tilgangi félagsins, hagsmunum viðskiptavina þess og góðum stjórnarháttum.

Helstu áhersluatriði starfskjarastefnu Akta sjóða eru:

- a. Lykilstarfsmenn eru meginstoð í vexti og viðgangi félagsins.



b. Kjör lykilstarfsmanna verða að vera samkeppnishæf.

3. Laun til stjórnarmanna

Stjórnarmenn, aðrir en þeir sem jafnframt eru starfsmenn Kviku banka hf., skulu fá greidda sérstaka þóknun fyrir stjórnarstörf sem ákveðin er á hluthafafundi ár hvert.

4. Uppbygging launa

Starfskjör framkvæmdastjóra skulu ákveðin með skriflegum ráðningarsamningi þar sem kveðið er á um föst laun, lífeyrisréttindi, orlof og aðrar starfstengdar greiðslur. Stjórn Akta sjóða tekur ákvörðun um starfskjör framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri tekur ákvörðun um laun starfsmanna í samræmi við viðmið stjórnar, að teknu tilliti til umfangs og ábyrgðar viðkomandi. Starfskjör starfsmanna skulu tilgreind í skriflegum ráðningarsamningi.

5. Kaupaukakerfi

Stjórn getur tekið ákvörðun um gerð kaupaukakerfis (hvatakerfis) til að ná markmiðum samkvæmt 1. gr.

Kaupaukakerfið skal vera í samræmi við gildandi lög og reglur Fjármálaráðuneytisins, þ. á m. Reglur um kaupaukakerfi nr. 388/2016.

6. Eftirlaunagreiðslur eða aðrar greiðslur vegna starfsloka

Ákvæði ráðningarsamnings um eftirlaunagreiðslur eða greiðslur vegna starfsloka gilda í þessu sambandi. Við undirbúning ráðningarsamnings skal áhersla lögð á að engar aukagreiðslur verð inntar af hendi við starfslok nema þær sem eru tilgreindar í ráðningarsamningi. Hins vegar geta sérstakar kringumstæður leitt til þess að gerður verði sérstakur starfslokasamningur við framkvæmdastjóra. Starfslokagreiðslur skulu ekki miðast við meira en tveggja ára laun.

7. Endurskoðun og upplýsingagjöf

Starfskjarastefnan skal endurskoðuð árlega og borin undir aðalfund til samþykktar eða synjunar. Stjórn Akta sjóða skal gera grein fyrir kjörum stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna á aðalfundum eins og nánar er kveðið á um í 79. gr. a laga nr. 2/1995 um hlutafélög, sbr. og lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Starfskjarastefnu má þó endurskoða oftar, svo sem vegna lagabreytinga, og skulu þær breytingar þá lagðar fyrir hluthafafund.

Að öðru leyti fer um starfskjarastefnu þessa samkvæmt lögum.

8. Samþykki starfskjarastefnu o.fl.

Stjórn félagsins hefur kynnt sér ákvæði 57. gr. a. og 57. gr. b. í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, 79. gr. a. í lögum nr. 2/1995, um hlutafélög og reglur Fjármálaeftirlitsins um kaupaukakerfi fjármálafyrirtækja. Stjórn leggur áherslu á að framfylgja ávallt gildandi lögum og reglum á þessu sviði, við framkvæmd starfskjarastefnu félagsins.

Stjórn hefur samþykkt starfskjarastefnuna og skal hún tekin til afgreiðslu á aðalfundi Akta sjóða. Starfskjarastefnan er bindandi fyrir stjórn félagsins að því er varðar ákvæði um kaupréttarsamninga og hvers konar samninga eða greiðslur er fylgja þróun verðs á hlutabréfum í félaginu, sbr. 3. mgr. 79. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Að öðru leyti er starfskjarastefnan leiðbeinandi fyrir Akta sjóði og stjórn þess. Árlega skal stjórn Akta sjóða hafa eftirlit með framfylgni við setta starfskjarastefnu. Frávik frá starfskjarastefnunni skulu rökstudd sérstaklega í hverju tilviki og færð til bókar. Stjórn skal leggja allar stefnubreytingar fyrir aðalfund til samþykktar.

Starfskjarastefnuna skal birta á heimasíðu Akta sjóða.“

Fulltrúi Kviku lagði til að starfskjarastefna félagsins yrði samþykkt með þeirri breytingu að 3. liður hennar, laun til stjórnarmanna, yrði á eftirfarandi máta:

„Stjórnarmenn skulu fá greidda sérstaka þóknun fyrir stjórnarstörf sem ákveðin er á hluthafafundi ár hvert.“

Starfskjarastefna félagsins var samþykkt með öllum atkvæðum að teknu tilliti til breytingartillögu Kviku.

4. Liður dagskrár

„Stjórn félagsins leggur ekki til neinar breytingar á samþykktum félagsins.“

Tillagan var samþykkt með öllum atkvæðum.

5. Liður dagskrár

Fundarstjóri gerði grein fyrir framboðum í stjórn og varastjórn félagsins:

Eftirfarandi einstaklingar buðu sig fram til stjórnarsetu í félaginu:

- Arna Grímsdóttir
- Anna Rut Ágústsdóttir
- Agla Elísabet Hendriksdóttir

Eftirfarandi einstaklingar buðu sig fram í varastjórn félagsins:

- Máni Atlason
- Gunnar Örn Petersen

Allir hluthafar sem mættir voru greiddu atkvæði með því að framangreindir einstaklingar yrðu kjörnir í stjórn og varastjórn félagsins samkvæmt framangreindu. Teljast þeir því réttkjörnir til sestu í stjórn og varastjórn félagsins næsta starfsár þess.

6. Liður dagskrár

Eftirfarandi tillaga var lögð fram til samþykktar:

„Stjórn félagsins leggur til að Deloitte ehf. verði kosnir endurskoðendur félagsins.“

Tillagan var samþykkt með öllum atkvæðum.

7. Liður dagskrár

Eftirfarandi tillögur voru lagðar fram til samþykktar:

„Stjórn félagsins leggur til að þóknun stjórnarformanns á næsta starfsári verði kr. 225.000 á mánuði fyrir stjórnarsetu, óháð fjölda funda, og að laun almennra stjórnarmanna verði kr.

150.000 á mánuði. Stjórn leggur til að þóknun varamanna verði kr. 100.000 fyrir hvern fund sem þeir sitja skv. beiðni frá félaginu vegna forfalla aðalmanna.“

Tillagan var samþykkt með öllum atkvæðum.

„Stjórn félagsins leggur til að endurskoðendum verði greidd þóknun fyrir rekstrarárið samkvæmt útgæfum reikningi.“

Tillagan var samþykkt með öllum atkvæðum.

Engin önnur mál voru á dagskrá fundarins. Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Reykjavík, 27. apríl 2017

Þannig staðfest af hluthöfum:

F.h. Kviku banka hf.

e.u. lífjafnsm

F.h. Solo Invest ehf.

Órn Þor, P

F.h. Markar Capital ehf.

Fannar Jónsson

Fredda G. Sverris dóttir

Fundarritari